

**126. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, miðvikudaginn  
30. nóvember 2022 og hófst hann kl. 08:30.**

**Fundinn sátu:**

Nanný Arna Guðmundsdóttir formaður, Þorbjörn Halldór Jóhannesson varaformaður, Valur Richter aðalmaður, Dagný Finnbjörnsdóttir aðalmaður og Bernharður Guðmundsson aðalmaður.

**Embættismenn:**

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og Smári Karlsson, verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Smári Karlsson, verkefnastjóri.

**Dagskrá:**

**1. Grenjavinnsla 2022 - refa- og minkaveiði - 2022060002**

Lagður fram tölvupóstur dags. 6. september 2022, frá Steinari Beck Baldurssyni hjá Umhverfisstofnun þar sem er kallað eftir áætlun sveitarfélagsins vegna refaveiða árin 2023 til 2025.

*Starfsmanni nefndar falið að yfirfara reglur um greiðslur til refa- og minkaveiðimanna í Ísafjarðarbæ og leggja fyrir næsta fund umhverfis- og framkvæmdanefndar.*

**2. Tjaldsvæði í Tungudal - framlenging á samning - 2022110018**

Lagt fram erindi Gauts Ívars Halldórssonar, f.h. G.I. Halldórsson ehf. þar sem hann óskar eftir framlengingu á samningi um rekstur tjaldsvæðisins í Tungudal.

*Umhverfis- og framkvæmdanefnd leggur til að samningur G.I. Halldórssonar ehf. um rekstur tjaldsvæðisins í Tungudal verði framlengdur í samræmi við 4. grein verksamnings.*

**3. Innleiðing á nýju regluverki í sorpmálum - Borgað þegar hent er - 2022060100**

Lagt fram minnisblað Smára Karlssonar, verkefnisstjóra á umhverfis- og eignasviði, um stöðu mála vegna innleiðingar á nýju regluverki í úrgangsmálum.

*Lagt fram til kynningar.*

**4. Snjómokstursreglur og mokstursleiðir í Ísafjarðarbæ. Endurskoðun - 2022080053**

Lagt fram minnisblað Tinnu Ólafsdóttur upplýsingafulltrúa um algengustu athugasemdir sem starfsfólki Ísafjarðarbæjar berst vegna snjómoksturs í sveitarfélaginu.

*Starfsmanni nefndar falið að uppfæra snjómokstursreglur í samræmi við umræður á fundinum og leggja breytingartillögu fyrir næsta fund.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00**

---

Nanný Arna Guðmundsdóttir

---

Þorbjörn Halldór Jóhannesson

---

Valur Richter

---

Dagný Finnbjörnsdóttir

---

Bernharður Guðmundsson

---

Axel Rodriguez Överby

---

Smári Karlsson